

Skólaráð Barnaskólans í Hafnarfirði

Fundur haldinn 19.janúar 2016

Fundinn sátu:

Eva, Berglind, Hildur Sonja, Steini, Gugga, Íris Helga, Hildur Sæbjörg og Árný.
Björg, grunnskólafulltrúi stýrði fundi.

Dagskrá fundar var eftirfarandi:

Miðstigsmál

1. Staðan í dag og undanfarin 2 ár.
2. Staðan í miðstigsmálum í Garðabæ
3. Áhugi foreldra fyrir áframhaldandi miðstigi í Hfj og Gb.
4. Húsnæðismál.
5. Rekstarlegar forsendur
6. Fagleg þekking – Hfj og Gb
7. Tillaga lögð fyrir stjórn.
8. Framtíðarsýn

1. Miðstigið í Hfj hefur verið starfrækt í tæp tvö ár. Í dag er það starfrækt í Engidalsskóla, fyrsta árið var það inni Barnaskólanum á Hjallabraut. Fá börn eru á miðstiginu og er það ákveðið áhyggjuefni hvað varðar félagaval. Börn, foreldrar og starfsfólk eru almennt ánægð með faglegt starf skólans. Ljóst er að ekki verður lengur í boði að starfrækja miðstig Barnaskólans í Engidalsskóla.

2. Síðasta vor var ákveðið að skólaárið 2015-2016 yrði síðasta starfsár Vífilsskóla(miðstigsskóli) í Garðabæ – aðallega rekstarlegar forsendur.

3. Vilji foreldra til halda áfram starfi á miðstigi er mikill, bæði í Hafnarfirði og Garðabæ.

4. Húsnæðisvandi í Hfj - búið að skoða þá leið að starfrækja miðstig í Hafnarfirði með miðstiginu í Garðabæ þá mun það góða starf sem unnið hefur verið í Hafnarfirði og sú þekking sem hefur skapast sameinist þeirri þekkingunni sem er til staðar á Vífilsstöðum.

5. Ljóst er að rekstarlegar forsendur fyrir Vífilsskóla (Bsk-Gbr) og miðsstigs Bsk í Hafnarfirði eru ekki nægjanlegar góðar í óbreyttri mynd. Ef miðstigin verða sameinuð þá verða gerðar meiri breytingar á Vífilsstöðum, yngsta og miðstig skólans verður rekið sem einn skóli, börn frá 5-12 ára. Börnum í Hafnarfirði og Reykjavík yrði boðið að koma á miðstigið.

6. Mikil ánægja ríkir með starfið í Hafnarfirði og Garðabæ og kæmi það til með að halda áfram í Garðabæ. Búið er að vinna mikla hugmyndavinnu að því hvernig hægt sé að nýta

faglega þekkingu sem best. Einnig búið að fara vel yfir hversu mikilvægt það sé að mæta börnum úr Hfj þannig að þau upplifi sig sem part af hópnum frá upphafi. Faglegt og flott hópefli er talið eitt þeirra verkefna sem færi mjög ofarlega á lista. Jafnvel verður farið í heimsóknir í vor til að kynna fyrir börnum sem kæmu yfir í Gbr skólasvæðið á Víflsstöðum. Lærdómur um það hvað hefur virkað og hvað ekki er til staðar - Þegar hinir skólarnir í Hfj og Rvk hafa burði og velvild til að halda áfram þá eigum við rætur til að byggja á.

7. Þessi tillaga verður lögð fyrir stjórn í dag og mun hún hafa lokavaldið.

8. Framtíðarsýnin er að allir grunnskólarnir verði frá 5-12 ára. Hugmyndin er hugsuð til meira en 1 árs. Á Víflsstöðum er hugmyndin að sameina, yngsta og miðstig og yrðu einingarnar þá reknar sem einn skóli. Áhyggjur komu upp um að ef mjög fá, eða engin börn úr Hafnarfirði mundu velja þennan kost hvort úr yrði? Fullur vilji er til að framkvæma eftir bestu getu óháð fjölda barna en lokavaldið er hjá stjórn.

Annað:

Í dag eru mjög litlir hópar, allt að 8 börn með einn kennara. Eftir því sem börnin eldast treystum við okkur til að hafa hópana stærri. Verði hópar of litlir kemur til kennsla í aldursblönduðum hópum.

Bent á að niðurstöður þurfa að vera til langtíma en ekki „reddingar“ til eins eða tveggja ára. Langtímaplan eykur öryggi barna og foreldra.

Bent á að kostnaður foreldra þarf að vera sambærilegur þeirri upphæð sem þeir eru að greiða núna, ekki meiri.

Farið var vel yfir hvers vegna Hjallastefnan sjái fyrir sér að safnskóli komi til með ganga núna en ekki áður. Kom það fram að reynslan er mun meiri í dag, miðstigið hefur gengið vel faglega í Hafnarfirði í 2 ár og í Garðabæ í 5 ár. Í dag er reynsla og þekking til staðar sem hægt er að byggja á. Einnig var bent á að húsnæðið í Garðabæ rúmar vel þennan fjölda til að amk þriggja ára.